

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins.

Tengigjald þetta skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5 000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m³ eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 25 000.00 fyrir hverja tengingu.

Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 750.00.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Árlegur gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum, sem renna í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð frá 21. ágúst 1958 um holræsagerð í Miðneshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Sandgerðishöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatns-

veitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og þeim er skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þar um.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Sandgerðis, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirætlun hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald þeirra.

7. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við að láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða vatnsskatt, 0.1% af fasteignamati húsa og lóða árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 750.00. Af gripahúsum, heitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 1 000.00. Af húsum, sem tengd eru við vatnsveituna, skal greiða tengigjald kr. 5 000.00.

12. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar svo sem hraðfrystihús, fiskverkunarstöðvar, verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús o. s. frv., skal greiða 0.50% af fasteignamati húsa og lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli skv. 13. gr.

Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 7 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 4.00 fyrir hverja smálest.

14. gr.

Verð á vatni til skipa ákveður hafnarnefnd. Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Sandgerðis greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað, eða lækkað um allt að 50%, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangssveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

18. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kaupþúninu.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál úr af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Sandgerðis frá 21. ágúst 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Húsavíkur
nr. 53 2. mars 1972.

1. gr.

Við lok 9. gr. bætist eftirfarandi:

Heimilt skal bæjarráði að lækka stofngjald samkv. þessari grein í sérstökum tilvikum, svo sem við byggingu fjölbýlishúss.

2. gr.

10. gr. orðist þannig:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá, og nemur hann árlega sem næst 0.20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Árlegan vatnsskatt annarra fasteigna sbr. 3. gr. ákveður bæjarráð.

Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 1 000.00 árlega.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

3. gr.

Við lok 12. gr. bætist eftirfarandi:

Árleg leiga af vatnsmælum skal nema kr. 1 000.00.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi 10. gr. reglugerðar um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 53 2. mars 1973.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.